



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 6. september 2021

USK2021080074

5.2

Borgarráð

Kirkjusandur. Frágangur og ný gatnamót Hallgerðargötu við Borgartún.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við frágang Hallgerðargötu á Kirkjusandi auk framkvæmda við ný gatnamót Hallgerðargötu við Borgartún.

Kostnaðaráætlun 2 vegna hluta Reykjavíkur er 100 m.kr.

Áætlaður framkvæmdatími er október 2021 - janúar 2022.

Greinargerð:

Um er að ræða framkvæmdir við nýtt íbúðahverfi á Kirkjusandi. Verkið er samstarfsverkefni með Veitum. Í Hallgerðargötu verður gengið frá gangstétt, hjólastíg o.fl. við þau hús sem komin eru sunnan megin við götuna. Við Borgartún verða gerð ný gatnamót við Hallgerðargötu með upphækkaðri göngu- og hjólaleið.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðaráætlun 2: 100 m.kr. (Hluti Reykjavíkur).

Kostnaðarstaður: 3104

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning


BORGARTÚN- HALLGERÐARGATA

GERÐ GATNAMÓTA HALLGERÐARGÖTU VIÐ BORGARTÚN
ÁSAMT ÞVÍ AÐ LJÚKA VIÐ YFIRBORÐSFRÁGANG SUNNAN
MEGIN VIÐ HALLGERÐARGÖTU



UMHVERFIS- OG
SKIPULAGSSVIÐ

YFIRLITSMYND



LÝSING Á FRAMKVÆMD

- Í Hallgerðargötu verður gengið frá yfirborði fyrir framan þau hús sem komin eru sunnan megin við götuna. Þetta eru um 200 metrar og um er að ræða gangstétt, hjólastíg, bílastæði, eyjur í kringum djúpgáma og göngupveranir ásamt gróðurbeðum.
- Í Borgartúni verða gerð ný gatnamót við Hallgerðargötu. Einnig verða gerðir nýir hjólastígar meðfram norðurkanti Borgartúns ásamt upphækkaðri göngu- og hjólaþverun yfir gatnamótin.

HELSTU VERKÞÆTTIR:

- Jarðvinna, hellulögn, malbik, steypar stéttar, kantsteinar, gatnalýsing og gróður.

ÁÆTLUN

ÁÆTLAÐ ER AÐ FRAMKVÆMDIR HEFJIST UM MIÐJAN OKTÓBER
OG AÐ GATNAMÓTIN VIÐ BORGARTÚN VERÐI OPNUÐ Í JANÚAR.
ÁÆTLAÐ ER AÐ FRÁGANGI LJÚKI Í APRÍL 2022.

FRAMKVÆMDIN ER SAMVINNUVERKEFNI MEÐ VEITUM.
ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR REYKJAVÍKURBORGAR ER UM 100 MKR.

TAKK
FYRIR